

# Stjórn, hagur og siðfræði | SHS3A05

Námsáætlun, haustönn 2023

**Kennari:**

Rúna Björg Sigurðardóttir

**Netfang:**

runabjorgs@gmail.com

**Lýsing:**

Í áfanganum er fjallað um almenna stjórnunarhætti með áherslu á leiðtogafærni, árangursrík samskipti, hagsmunaaðila, þjónustu og árangur. Fjallað er um forystuhlutverkið og teymi, auk samskipta innan teyma og út á við. Helstu þættir mannauðs- og breytingastjórnunar eru gerð skil, auk stefnumótunar og markmiðasetningar. Efni áfangans er tengt við raunveruleg dæmi til að efla skilning á viðfangsefninu.

**Markmið (þekking, leikni, hæfni):****Nemandi:**

- þekki mismunandi stjórnunaraðferðir
- þekki vel helstu aðferðir til árangurs í samskiptum og stjórnun
- auki færni sína í samskiptum við umönnun skjólstæðinga sinna
- verði meðvitaður um mikilvægi góðra samskipta við aðstandendur skjólstæðinga sinna og samstarfsfólk
- öðlist leikni í samskiptum við stofnanir og stjórnvöld varðandi málefni skjólstæðinga sinna
- þekki mikilvægi markmiðasetningar og geti tileinkað sér hana
- þekki mikilvægi endurgjafar og eftirfylgni
- geti komið auga á hindranir og þekki leiðir til að takast á við erfið mál
- öðlist innsýn í meginsvið og helstu aðferðir gæðastjórnunar
- geti lýst helstu þáttum breytingaferlis og þeim áhrifum sem breytingar geta haft
- þekki vel frammistöðustjórnun og geti greint frá helstu þáttum stjórnunarferlisins
- geti rökstutt mikilvægi forgangsröðunar, tímastjórnunar og úthlutunar verkefna
- þekki helstu inntök mannauðsstjórnunar
- öðlist færni í þverfaglegri vinnu við félagslega umönnun skjólstæðinga sinna

**Námsmat:**

Námsmat byggir á símati sem tekur til einstaklings og hópverkefna sem unnin eru í tengslum við yfirferð námsefnis. Lögð verða fyrir fimm stutt einstaklingsverkefni sem dreifast yfir önnina og eitt stærra hópverkefni í annarri lotu. Umræðutímar fara fram vikulega á Innu. Skyldumæting er í umræðutíma og lotur. Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma.

Mæting og virkni í umræðutímum og staðbundnum lotum: 30%

Einstaklingaverkefni (1-5): 50%

Hópverkefni: 20%

**Námsgögn:**

Efni frá kennara verður birt jafnóðum á Innu.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Áfanginn byggir á hugmyndafræði verkefnaþíðs leiðsagnarnáms þar sem áhersla er á sjálfstæða vinnu nemenda og reglulega endurgjöf kennara. Vinna þarf jafnt og þétt allar vikur til að ná árangri. Ætlast er til að nemendur vinni verkefni í samræmi við reglur um heimildaskráningu.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
33	18. ágúst		
34	21.-26. ágúst	<b>Lota I</b> Kynning, yfirferð á námsáætlun, stutt verkefnavinna	
35	28.ágúst -1. sept.	Stjórnun og forysta	
36	4.-8. sept.	Leiðtogahæfni / forystufærni	Verkefni 1 (10%)
37	11.-15. sept.	Þjónandi forysta	
38	18.-22. sept.	Siðferðileg forysta	Verkefni 2 (10%)
39	25.-29. sept.	Forysta í teyllum / teymi	
40	2.-6. okt.	Árangursrík samskipti	Verkefni 3 (10%)
41	9.-14. okt.	<b>Lota II</b> Stefnumótun og markmiðasetning I	
42	16.-20. okt	Stefnumótun og markmiðasetning II	Hópverkefni (20%)
43	23.-25. okt.		<i>Hausthlé fimmtud. og föstud.</i>
44	30. okt. - 3. nóv.	Árangursstjórnun / frammistöðustjórnun	
45	6.-10. nóv.	Mannauðsstjórnun	
46	13.-17. nóv.	Breytingastjórnun	Verkefni 4 (10%)
47	20.-24. nóv.	Velliðan í vinnu I	
48	27. nóv. - 2. des.	<b>Lota III</b> Velliðan í vinnu II	Verkefni 5 (10%)
49	4.-8. des	Samantekt	
50			

*Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.*